

# Stefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar í íþróttá-, æskulýðs- og tómsfundamálum

## Inngangur

Hverju sveitarfélagi er mikilvægt að hafa fjölbreytt val í íþróttá-, æskulýðs- og tómsfundamálum. Þátttaka barna og ungmenna í slíku starfi hefur óumdeilt forvarnagildi. Skýr stefna í málaflokknum tryggir að allir sem starfa innan hans stefni í sömu átt með það að markmiði að efla íþróttá-, æskulýðs- og tómsfundastarf. Stefnan er einnig mikilvæg forsenda þess að frjáls félög og félagasamtök geti sinnt hlutverki sínu vel. Með stefnu þessari er ætlunin að treysta grunninn og móta framtíðarsýn í íþróttá-, æskulýðs- og tómsfundamálum í Sveitarfélaginu Hornafirði.

## Ferlið

Skóla-, íþróttá- og tómsfundanefnd hélt utan um vinnuna við gerð og mótnun stefnunnar. Starfsmenn nefndarinnar við stefnumótunina voru forstöðumaður íþróttamannvirkja, tómsfundafulltrúi og framkvæmdastjóri fræðslu- og félagsviðs. Fyrsta verkefni nefndarinnar og starfsmanna var að boða til íbúafundar. Í undirbúningi fundarins var lögð rík áhersla á að boða alla helstu hagsmunaaðila í málaflokknum á fundinn með það að markmiði að fá fram hugmyndir þeirra og skoðanir á fyrstu stigum.

Á íbúafundinum komu fram margar góðar ábendingar og hugmyndir sem starfsmenn unnu úr og kynntu fyrir skóla-, íþróttá- og tómsfundanefnd. Út frá hugmyndum nefndarinnar og ábendingum af íbúafundinum voru unnin drög að stefnu sveitarfélagsins í íþróttá-, æskulýðs- og tómsfundamálum. Drögin voru send nefndum sveitarfélagsins og hagsmunaaðilum til umsagnar, kynnt í staðarmiðlum og aðgengileg öllum á veraldarvefnum þar sem íbúum gafst kostur á að gera athugasemdir.

Að umsagnarferlinu loknu endurskoðaði skóla-, íþróttá- og tómsfundanefnd stefnudrögin og vísaði þeim í kjölfarið sem tillögu að stefnu fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð í íþróttá-æskulýðs- og tómsfundamálum til afgreiðslu í bæjarstjórn.

Stefnunni er skipt upp í fjóra meginkafla;

- Íþróttastarf barna og unglunga
- Keppnis- og afreksíþróttir
- Almenningsíþróttir
- Æskulýðs- og tómsfundastarf.

Í kjölfar stefnunnar verður unnin aðgerðaáætlun um framkvæmd hennar. Stefnt er að því að endurskoða stefnuna á fjögurra ára fresti.

## Íþróttastarf barna og unglunga

### Stefna

Lögð er áhersla á fjölbreytt framboð íþróttagreina í Sveitarfélaginu Hornafirði, að nýjar íþróttagreinar verði kynntar og hlúð að sjálfböðastarfi foreldra. Stefnt er að góðu samstarfi við foreldra og íþróttafélög. Leiðarljós allrar íþróttaiðkunar skal byggt á mannrækt og heilsueflingu.

### Markmið

Öll börn og unglingar skulu hafa tækifæri til að taka þátt í íþróttastarfi.

### Leiðir

- Sveitarfélagið styrki félagasamtök sem sinna þessu starfi.
- Börn á grunnskólaaldri eigi greiðan aðgang að tómskundakorti til að greiða niður æfingagjöld.
- Börn á grunnskólaaldri í dreifbýli njóti styrks til að vega upp á móti ferðakostnaði þeirra vegna íþróttaiðkunar innan sveitarfélagsins.
- Tryggt verði eins og kostur er að þjálfarar hafi reynslu og menntun til að sinna þjálfun barna og ungmenna. Íþróttafélögin setji sér heilsteypta stefnu um menntun þjálfara.
- Íþróttaskóli verði eflur með það að markmiði að kynna ungum iðkendum sem flestar íþróttagreinar.
- Íþróttafélög nýti sér heimasíðu sveitarfélagsins sem upplýsingamiðil.

### Ábyrgð

- Skóla-, íþrótt- og tómskundanefnd.
- Bæjarráð.
- Íþróttafélög og félagasamtök sem njóta styrkja frá sveitarfélaginu.

### Mat

Metið skal með reglulegum hætti hvernig framlög sveitarfélagsins til félaga og félagasamtaka nýtast. Skráð verði menntunarstig þjálfara sem starfa á vegum íþróttafélaga. Árlega skal skilað til sveitarfélagsins skýrslum sem tilgreini þátttöku í einstökum íþróttagreinum. Áframhaldandi styrkur er háður því að skýrslum sé skilað inn í kjölfar aðalfunda félaga.

## Keppnis- og afreksíþróttir

### Stefna

Stutt verði við einstaklinga og hópa sem taka þátt í afreksíþróttum. Stefnt skal að því að Sveitarfélagið Hornafjörður eigi ávallt afreksfólk í einstaklings- og/eða hópíþróttum.

### Markmið

Að sem flestir íþróttamenn geti orðið afreksmenn í sinni íþróttagrein og með því orðið mikilvægar fyrirmyndir fyrir yngri iðkendur.

### Leiðir

- Íþróttafólki verði boðið upp á eins góða aðstöðu til iðkunar og kostur er.
- Menntaðir þjálfarar sinni þjálfun.
- Sveitarfélagið leggi íþróttahreyfingunni til fjármagn með sérstökum samningum.
- Komið verði á samstarfi um afreks- og styrktarsjóð.
- Afreksfólk verði ávallt góðar fyrirmyndir innan sem utan keppnisvallar.
- Íþróttafélög sem njóta styrks frá sveitarfélaginu setji sér siðareglur.

### Ábyrgð

- Skóla-, íþrótt- og tómstundanefnd.
- Bæjarráð.
- Íþróttafélög sem njóta styrkja frá sveitarfélaginu.

### Mat

Íþróttafélög sem njóta styrkja frá sveitarfélaginu skili árlega skýrslu í kjölfar aðalfunda um stöðu keppenda í þeim hópíþróttum og einstaklingsíþróttum sem stundaðar eru. Greint skal frá fjölda iðkenda og mat lagt á framfarir þeirra. Tilgreina skal sérstaklega þann hóp íþróttamanna sem þykir skara fram úr í ástundun og árangri. Árangur íþróttafólks verði

metinn í samanburði við aðra íþróttamenn og íþróttafélög í landinu. Meta skal nýtingu þess fjármagns sem lagt er til íþróttafélaga.

## Almenningsíþróttir

### Stefna

Hreyfing er ein mikilvægasta forvörnin til að viðhalda heilsu í nútímaþjóðfélagi. Stefnt skal að því að íbúar Sveitarfélagsins Hornafjarðar hafi fjölbreytt tækifæri til hreyfingar.

### Markmið

Sveitarfélagið Hornafjörður verði í fremstu röð hvað varðar möguleika íbúanna til að stunda alhliða heilsurækt og heilbrigða lífshætti.

### Leiðir

- Bætt verði við göngu- og hjólréiðastíga í sveitarfélaginu og séð um viðhald á þeim stígum sem fyrir eru.
- Ávallt liggi fyrir aðgengilegar upplýsingar um möguleika til hreyfingar og íþróttaiðkunar í sveitarfélaginu.
- Settar verði upp leiðbeiningar við útiþjálfunarstöðvar og þeim fjölgað.
- Skilgreind verði svæði þar sem hundaeigendur mega sleppa hundum sínum lausum. Bent er á að lausagöngubann gildir um hunda í þéttbýli.
- Stutt verði við þau verkefni sem stuðla að hreyfingu og íþróttaiðkun almennings.
- Stutt verði við samtök og hópa sem beita sér fyrir nýbreytni á sviði almenningsíþróttar.

### Ábyrgð

- Skóla-, íþróttar- og tómstundanefnd.
- Bæjarráð.
- Félög og félagasamtök sem njóta styrkja frá sveitarfélaginu.

### Mat

Reglulega verði könnuð hreyfing og íþróttaiðkun almennings. Lagt verði mat á nýtingu þess fjármagns sem sveitarfélagið leggur til málaflokksins.

# Æskulýðsstarf og tómstundastarf

## Stefna

Stefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar er að íbúar hafi ávallt aðgang að fjölbreyttu æskulýðs- og tómstundastarfi.

## Markmið

Íbúar sveitarfélagsins eigi kost á uppbyggilegu æskulýðs- og tómstundastarfi.

## Leiðir

- Sveitarfélagið reki félagsmiðstöð fyrir ungmenni. Lögð verði áhersla á fjölbreytt og skapandi starf. Sérstök áhersla verði lögð á að ná til þeirra ungmenna sem ekki sækja í íþróttir eða annað skipulagt tómstundastarf.
- Stutt verði við félagasamtök sem sinna tómstundastarfi með fjárframlögum, ráðgjöf og aðgengi að húsnæði fyrir starfseminna.
- Stutt verði við áhugafólk um skapandi starf og listir í sveitarfélaginu með aðgengi að æfinga- og vinnuaðstöðu.
- Stutt verði við einstaklinga og hópa sem hafa hug á að koma á fót nýjungum í æskulýðs- og tómstundastarfi.

## Ábyrgð

- Skóla-, íþróttá- og tómstundanevnd.
- Bæjarráð.
- Félög og félagasamtök sem njóta styrkja frá sveitarfélaginu.

## Mat

Félög og félagasamtök sem styrkt eru af sveitarfélaginu skili árlega inn skýrslu um starfsemi sína þar sem m.a. komi fram upplýsingar um fjölda félagsmanna og virkni þeirra í félagsstarfi. Sama á við um félagsmiðstöð sem rekin er af sveitarfélaginu. Áframhaldandi styrkur er háður því að þau skili inn skýrslum í kjölfar aðalfunda.